

Fagráð í hrossarækt

111. fundur

Staður og stund: fjar- og staðarfundur í fundarherbergi RML á Austurvegur 1, mánudaginn 23. ágúst 2023. Kl. 15.30

Mættir: Nanna Jónsdóttir, formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Elsa Albertsdóttir og Ágúst Sigurðsson. Í fjarfundi: Mette Mannseth, Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Sveinn Ragnarsson. Erlendur Árnason gat ekki verið viðstaddur,

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Umsóknir um styrk í Stofnverndarsjóð
3. Endurskoðun á umgjörð kynbótasýninga
4. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður fagráðs setti fundinn og bauð fólk velkomið.

2. Umsóknir um styrk í Stofnverndarsjóð

Staða sjóðsins

Samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands er úthlutunarfé Stofnverndarsjóðs árið 2023 alls 7.350.000 kr.

Umsóknir sem bárust sjóðnum í ágúst 2023

Fjórar umsóknir bárust Stofnverndarsjóði í ágúst 2023.

1. Exploring the genetic regulation of ability and quality of gaits in Icelandic horses

Umsækjandi: Heiðrún Sigurðardóttir

Umsóknin barst sjóðnum of seint og var því ekki tekin fyrir á fundinum.

2. Líkamspungahlutfall milli knapa og hesta á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins og tengsl við árangur, heilbrigði og endingu

Umsækjandi: Háskólinn á Hólum, verkefnisstjóri: Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir

Sótt um: 2.010.000 kr.

Samþykkt 2.010.000 kr.

Umsögn: Rannsóknin er afskaplega mikilvæg, sérstaklega í ljósi umræðu um svokallaða "Samfélagssátt um notkun íslenska hestsins (SLO: *Social licence to operate*)". Í því samhengi er vitnað til smæðar hans (þyngd og hæð á herðar) og þess hvort nota eigi hann til reiðar. Jafnan er vísað til hefðar þegar rætt er hversu öflugur íslenski hesturinn er til burðar eða reiðar en beinar rannsóknir skortir. Það skiptir miklu máli að sýna fram á með rannsóknum að íslenski hesturinn er ekki einungis hæfur til að bera knapa heldur standist hann einnig hið mikla álag sem fylgir keppni á efsta stigi líkt og á heimsmeistaramótum íslenska hestsins. Reynslan hefur sýnt að þar eru hrossin heilbrigð, þrátt fyrir að koma endurtekið fram, og ná háum aldri líkt og almennt gerist um íslensk hross. .

3. Tíðni insúlínviðnáms/insúlínröskunar í handahófskenndu úrtaki íslenska hestsins á Íslandi

Umsækjandi: Súsanna Katarína Sand Guðmundsdóttir

Sótt um: 1.600.000 kr

Hafnað

Umsögn: Fagrað telur að verkefnið sé afar áhugavert en uppsetning þess sé ekki nógu hnitmiðuð þannig að efasemdir eru um hvort verkefnið muni skila nýtilegum niðurstöðum. Greina þyrfti betur frá stöðu þekkingar og taka tillit til umhverfisþátta, s.s. holdastigunar, fóðrunar þ.m.t. kjarnfóðurnotkunar og klínískrar skoðunar á hrossum úrtaksins. Þá er ekki ljóst hvort hrossin í úrtakinu eru skyld innbyrðis umfram það sem vænta mætti en líkur eru til að erfðabættir geti haft umtalsverð áhrif á niðurstöður. Það er mat ráðsins að verkefnið sé virkilega áhugavert en treystir sér ekki til að styrkja það óbreytt.

4. Framþróun erfðagreininga í þágu íslenska hestakynsins

Umsækjandi: Matís OHF, verkefnisstjóri: Sæmundur Sveinsson

Sótt um: 4.000.000 kr.

Samþykkt 1.000.000 kr.

Umsögn: Rannsóknin er afar mikilvæg varða í framþróun erfðamats á íslenskum hrossum. Verkefnið er afar þarft en sökum takmarkaðra fjármuna til úthlutunar úr sjóðnum er einungis hægt að samþykkja hluta styrkbeiðnar.

Ágúst Sigurðsson, Elsa Albertsdóttir, Mette Mannseth og Sveinn Ragnarson viku af fundi við afgreiðslu umsókna.

3. Endurskoðun á umgjörð kynbótasýninga

Talsverð umræða var um endurskoðun á umgjörð kynbótasýninga, hvernig ætti að koma henni í framkvæmd og umfang hennar. Stefnt er að því að fagráð skipi hópa hagaðila, s.s. ræktenda, sýnenda, hrossabænda, eigenda og áhorfenda þar sem farið verður í saumana á mismunandi þáttum á umgjörð kynbótasýninga. Enn fremur er áætlað að RML geri þjónustukönnun hjá aðstandendum kynbótasýninga og rýni til gagns hvað betur mætti fara og hvar þörf er á breytingum við framkvæmd kynbótasýninga.

Mikilvægt er að skilgreina verkefnið vel og hvert markmiðið er þannig að niðurstöður fáið sem hægt er að vinna með í framtíðinni. Verkefnið er mikilvægt skref til að greina hvað megi betur fara og opna samtal um það innan greinarinnar allrar. Formaður mun vinna með RML fólki að undirbúningi þessa.

4. Önnur mál

Næsti fundur fagráðs í hrossarækt er áætlaður þann 20. september n.k. kl. 15.30.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 18:30

Við pennann: Elsa Albertsdóttir